

Vegagerðin
Birgir Guðmundsson, forstöðumaður
Miðhúsavegi 1
600 AKUREYRI

2000070050
6400; 9310

Reykjavík, 10. ágúst 2001
JG/-

Efni: Tunguvegur og Skíðadalsvegur frá Ytra-Hvarfi að Svarfaðardalsvegi og Svarfaðardalsvegur frá Húsabakka að Tunguvegi, Dalvíkurbyggð. Ákvörðun um matskyldu.

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 22. maí 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagning og endurbygging Tunguvegar og Skíðadalsvegur frá Ytra-Hvarfi að Svarfaðardalsvegi og endurbygging Svarfaðardalsvegur frá Húsabakka að Tunguvegi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 2a og 10 b í 2. viðauka laganna. Ofangreind framkvæmd var upphaflega tilkynnt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matskyldu með bréfi Vegagerðarinnar dags. 17. júlí 2000. Þann 16. ágúst 2000 féllst Skipulagsstofnun á þá ósk Vegagerðarinnar að skila inn frekari upplýsingum um framkvæmdina áður en ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu lægi fyrir. Neðangreindir umsagnaraðilar, að Landgræðslu ríkisins undanskilinni, höfðu þá gefið umsögn um framkvæmdina. Í ljósi þess að talsverður tími er liðinn frá fyrri umfjöllun og lagðar eru fram nýjar upplýsingar í gögnum Vegagerðarinnar leitaði Skipulagsstofnun eftir umsögnum um endurbætt gögn Vegagerðarinnar áður en ákvörðun um matskyldu yrði tekin.

Skipulagsstofnun leitaði álits Dalvíkurbyggðar, Heilbrigðieftirlits Norðurlands eystra, Landgræðslu ríkisins, Náttúruverndar ríkisins, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands.

Umsagnir bárust frá Dalvíkurbyggð með bréfi sem barst 30. júlí 2001, Heilbrigðieftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 11. júlí 2001, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 4. júlí 2001, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 13. júlí 2001, veiðimálastjóra með bréfi dags. 28. júní 2001 og Þjóðminjasafni Íslands með bréfi dags. 5. júlí 2001. Svör frá framkvæmdaraðila bárust með bréfi dags. 16. júlí 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er tilgangur framkvæmdarinnar að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur í Svarfaðardal.

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð sé lagning 2,3 km vegar og gerð tveggja brúa yfir Skíðadalsá og Svarfaðardalsá frá Ytra-Hvarfi að Svarfaðardalsvegi og verður umræddur vegur að hluta Skíðadalsvegur og að hluta Tunguvegur. Framkvæmdin felst einnig í endurbyggingu Svarfaðardalsvegur á 6,2 km löngum kafla frá Húsabakka að Tunguvegi og byggingu nýrrar brúar yfir Þverá. Heildarlengd veglagningar er 8,5 km. Heildarbreidd vega verður 6,5 m og verða veginir með 6,3 m breiðu slitlagi. Fram kemur að um sé að ræða nýbyggingu vegar á um 1,2 km kafla af fyrirhugaðri heildarvegalegd. Ennfremur verða byggðir leiðigarðar við fyrirhugaða brú yfir Skíðadalsá, samtals um 210 m á lengd, til að beina ánni í ákveðinn farveg. Árið 2001 er fyrirhugað að byggja nýja brú yfir Svarfaðardalsá en stærsti hluti framkvæmdanna fer fram árið 2002.

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að heildarefnismagn til framkvæmdarinnar sé um 160.000 m³. Áætluð efnispörf í Tunguveg/Skíðadalsveg verði rúmlega 68.000 m³, þar af komi allt fyllingarefni, 54.000 m³, úr vegskeringum en um 14.000 m³ verði tekið úr áreyrum Skíðadalsár við Dæli og úr námu á áreyrum Svarfaðardalsár við Bakka. Áætluð efnispörf í leiðigarða að brú yfir Skíðadalsá er um 9.000 m³, þar af verði teknir 7.000 m³ úr námum við Tunguveg og 2.000 m³ í grjótvörn í Helluhöfða við Árskógssand. Áætluð efnispörf í Svarfaðardalsveg er um 83.000 m³, þar af komi 20.000 m³ úr skeringum úr Svarfaðardalsvegi, um 5000 m³ úr skeringum á Tunguvegi/Skíðadalsvegi og um 19.000 m³ úr námu við Tunguveg. Um 39.000 m³ koma úr ofangreindum námum við Dæli og Bakka. Samtals er því áætlað að fá 59.000 m³ til framkvæmdanna með vegskeringum úr Tunguvegi, um 20.000 m³ með skeringum úr Svarfaðardalsvegi, um 26.000 m³ úr námu við Tunguveg á um 24.000 m² svæði, um 27.000 m³ úr námu við Dæli á um 23.000 m² svæði, um 26.000 m³ úr námu við Bakka á um 22.000 m² svæði og um 2.000 m³ úr námu í Helluhöfða.

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð vegaframkvæmd sé að hluta innan grannsvæðis vatnsbóls Dalvíkur sem sé um 1,5 km neðan við fyrirhugað brúarstæði yfir Skíðadalsá. Fram kemur að ólíklegt virðist að gerð brúar og vegfyllingar yfir áreyrarnar hafi nokkur áhrif á grunnvatnsflæði á eyrunum, jafnvel þótt aðeins verði þrengt að ánni næst brúnni. Efnistaka úr áreyrum við Dæli og Bakka verði utan grannsvæðis vatnsbólsins. Ekki verði leyft að geyma mengandi efni eða reisa vinnubúðir á grannsvæði, sérstakar kröfur verði gerðar til verktaka um gott ástand vinnuvéla og að þeir að öðru leyti vinni eftir starfsskilyrðum heilbrigðisnefndar.

Fram kemur að hætt hafi verið við efnistöku úr áreyrum Skíðadalsár við Ytra-Hvarf vegna nálægðar námu við vatnsból Dalvíkur. Framkvæmdasvæðið er um 6 km ofan við Friðlandið í Svarfaðardal. Við fyrirhugaðar framkvæmdir geti botnfall efnis í Svarfaðardalsá hugsanlega aukist innan friðlandsins.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að til að draga úr áhrifum framkvæmdanna á lífríki verði efnistaka utan veiði- og hrygningartíma og þess gætt að ekki verði tekið efni úr farvegum ána. Efnistaka úr áreyrum ána mun fara fram veturinn 2001-2002 og er fyrirhugað að haugsetja efnið á stöðum þar sem engin hætta verði á því að árnar geti flætt yfir þau. Við byggingu leiðigarða verði nauðsynlegt að raska farvegi

Skíðadalsár. Reynt verði að takmarka raskið eins og kostur er.

Komið hafi í ljós við rannsóknir að fjórar fornleifar lendi í eða við vegstæðið. Til þess að lágmarka hættu á að menningarminjar spillist við umferð vinnuvéla verði þær merktar vandlega. Þá kemur fram að framkvæmdaraðili hyggst græða upp fyllingar og vegskerlingar í veglínunni, a.m.k. jafnmikið gróðurlendi og raskast við framkvæmdina.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögnum Dalvíkurbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Landgræðslu ríkisins, veiðimálastjóra og Þjóðminjasafns Íslands kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Náttúruvernd ríkisins gerir ekki athugasemdir við fyrirhugað vegstæði út frá náttúruverndarsjónarmiðum en bendir á að flatarmál fyrirhugaðara efnistökuastaða sé um 72.000 m² og samkvæmt 1. viðauka sé efnistaka yfir 50.000 m² ávallt matsskyld framkvæmd.

Efnistaka

Fram kemur í umsögn Náttúruverndar ríkisins að samanlagt flatarmál fyrirhugaðra efnistökusvæða vegna framkvæmdanna sé um 72.000 m², auk fyrirhugaðs grjótnáms í Helluhöfða. Samkvæmt 1. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sé efnistaka þar sem fleiri en einn efnistökuastaður nái til samans yfir 50.000 m² svæði eða stærra ávallt matsskyld.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin telji að samkvæmt þeirri túlkun á lögum um mat á umhverfisáhrifum sem hingað til hafi verið notuð hjá Skipulagsstofnun sé efnistakan ekki matsskyld. Efnistökuastaðirnir séu ekki nálægt hver öðrum og flatarmál hverrar námu sé ekki meira en 50.000 m².

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að betur hefði mátt gera grein fyrir fyrirhuguðum efnistökusvæðum. Eðlilegt hefði verið að afmarka það svæði þar sem ætlunin væri að taka efni á námusvæði á áreyrum Svarfaðardalsár við Bakka. Gerð er athugasemd við að ekki sé sýnd hugsanleg staðsetning haugsvæða en samkvæmt gögnum Vegagerðarinnar komi m.a. fram að vegna aðstæðna við árnar geti oft reynst snúið að finna hentugan stað til haugsetningar. Stofnunin minnir á að leggja verði fram áætlun um efnistöku í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en leyfi sé veitt og að haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa stofnunarinnar um allan frágang vegna framkvæmdarinnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að efnistökusvæði í áreyrunum verði ákveðin í samráði við Veiðimálastofnun (á Hólum). Haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins varðandi áætlun um efnistöku, staðsetningu haugsvæða og frágang vegna framkvæmdarinnar.

Í umsögn Landgræðslu ríkisins kemur fram að ekki sé tilefni til að kanna með formlegum hætti umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Landgræðsla ríkisins telji að fyrirhuguð efnistaka muni hafa óveruleg áhrif á umhverfi á framkvæmdasvæði ef rétt sé að framkvæmdinni staðið og frágangur í samræmi við lýsingu í kynningarskýrslu.

Vatnsból

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að þar sem hætt hafi verið við efnistöku úr áreyrum Skíðadalsár við Ytra-Hvarf og fyrir liggi álit jarðfræðings þess efnis að ólíklegt sé að framkvæmdir hafi áhrif á grunnvatnsflæði á verndarsvæði vatnsbóls Dalvíkur telji Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Áréttað er mikilvægi þess að verktakar, sem koma að framkvæmdum, vinni eftir starfsskilyrðum heilbrigðisnefndar hvað varðar mengunarvarnir, t.d. hvað varðar olú og önnur varhugaverð efni, ryk, hávaða og sjónmengun.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að vegna þess hve mölin í áreyrunum sé opin, geti mengandi efni auðveldlega borist niður í áreyrarnar, bæði frá framkvæmdasvæðinu og úr árvatninu. Því sé þörf fullrar aðgæslu, sérstaklega hvað varðar olú og mengandi efni. Gera verði sérstakar kröfur til verktaka hvað snertir tæki og allan frágang.

Fram kemur í svörum framkvæmdaraðila að Vegagerðin muni sjá til þess, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, að skilyrðum um mengunarvarnir verði fullnægt.

Lífríki

Í umsögn veiðimálastjóra er vísað til fyrri ábendinga um að á svæðinu við Dæli séu mikilvæg uppeldissvæði fyrir bleikju og teljist það viðkvæmara en fyrirhugað efnistökusvæði við Bakka sem hafi orðið fyrir miklum breytingum vegna malartekju.

Veiðimálastjóri geti fallist á fyrirhugaða malartekju, enda verði hún unnin utan veiðitíma, mölin tekin úr bökkum en ekki úr árbotni og þess gætt að grugga ána sem minnst. Ennfremur verði malartekju dreift á tvö ár og gengið vel frá svæðinu í lok malartekju og ekki skildar eftir gryfjur sem áin geti farið að flæða í gegnum. Með hliðsjón af þeim mótvægisáðgerðum sem fyrirhugaðar séu vegna framkvæmdanna og þeirri ákvörðun að taka aðallega efni við Dæli og Bakka, að höfðu samráði við sérfræðinga Veiðimálastofnunar, telji veiðimálastjóri ekki að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að samkvæmt gögnum Vegagerðarinnar komi m.a. fram í skýrslu VSÓ um stefnumótun í landnotkun í og við Svarfaðardalsá og Skíðadalsá að efnistaka í stórum stíl muni að öllum líkindum hafa í för með sér mikið rask á lífríki ána. Smávægileg efnistaka, t.d. til heimanota muni hins vegar að öllum líkindum ekki hafa umtalsverð áhrif á árfarvegi eða bleikjustofna. Skilyrði sé þó að rétt sé staðið að efnistöku, þ.e. að ekki sé farið í sjálfan árfarveginn og að efni sé ekki tekið á veiðitímabilinu.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að fyrirhuguð tilhögun efnistöku við Dæli og Bakka, samkvæmt lýsingu Vegagerðarinnar, virðist ekki vera í samræmi við tillögur sérfræðinga Veiðimálastofnunar. Í gögnum Vegagerðarinnar komi fram að efnistaka úr áreyrunum muni fara fram veturinn 2001-2002 en í fylgiskjali 3 með gögnunum komi hins vegar fram að malartekju sem samsvari 30.000 m³ á hvorum stað ætti a.m.k. að dreifa á tvö ár og taka u.þ.b. helming hvort árið. Þá er bent á að æskilegt væri að fá umsögn sérfræðings Veiðimálastofnunar á Hólum varðandi fyrirkomulag malartekjunnar. Náttúruvernd ríkisins telur að efnistaka verði að vera í samræmi við ábendingar sérfræðinga Veiðimálastofnunar.

Fram kemur í svörum framkvæmdaraðila að Vegagerðin muni hafa samráð við sérfræðinga Veiðimálastofnunar varðandi efnistöku úr áreyrum við Dæli og Bakka.

Landgræðsla ríkisins telur að fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir varðandi gróður og jarðveg séu fullnægjandi. Bent er á að vinna þurfi að endurbótum og frágangi í samráði við Landgræðslu

ríkisins og landeigendur og í samvinnu við eftirlitsráðgjafa Náttúruverndar ríkisins.

Landbrot

Í umsögn Landgræðslunnar kemur fram að búast megi við talsverðum breytingum á farvegi Skíðadalsár neðan fyrirhugaðrar brúar og að nokkrar líkur séu á einhverju landbroti. Bent er á að fyllstu aðgæslu þurfi að viðhafa við malartekju úr farvegi Svarfaðardalsár. Jafnvel þó mól sé tekin á þurru kundi áin að breyta sér í næstu flóðum ef eyrar hafa verið grafnar upp. Haft verði samráð við Landgræðslu ríkisins um malartekju og útfærslu varnargarða við fyrirhugaða brú sem og annars staðar við ána.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að samkvæmt gögnum Vegagerðarinnar komi m.a. fram að efnistaka í stórum stíl (þúsundir rúmmetra) muni að öllum líkindum hafa í för aukið rof úr árbökkum.

Fornminjar

Í umsögn Þjóðminjasafns Íslands kemur fram að við fyrri meðferð málsins hafi Þjóðminjasafnið beint þeim tilmælum til Vegagerðarinnar að hún léti fara fram nákvæmt fornleifamat á þeim hluta vegarins sem færa á til og að fornleifafræðingur kannaði sérstaklega brúarstæði yfir Svarfaðardalsá. Vegagerðin hafi fengið Fornleifastofnun Íslands til að vinna umbeðið fornleifamat. Safninu hafi borist skýrsla stofnunarinnar og telji könnunina fullnægjandi og taki heilshugar undir tillögur skýrsluhöfundar um mótvægisáðgerðir. Þjóðminjaafnið telji að kröfum minjavörslunnar sé fullnægt og telji ekki þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 2,3 km vegar frá Ytra-Hvarfi að Svarfaðardalsvegi og gerð tveggja brúa yfir Skíðadalsá og Svarfaðardalsá. Framkvæmdin felur einnig í sér endurbyggingu Svarfaðardalsvegar á 6,2 km löngum kafla frá Húsabakka að Tunguvegi ásamt um 160.000 m³ efnistöku úr áreyrum Skíðadalsár við Dæli, áreyrum Svarfaðardalsár við Bakka, námu við Tunguveg, námu við Helluhöfða á Árskógssandi og vegskeringum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 2a og 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Efnistaka

Náttúruvernd ríkisins bendir á að þar sem um sé að ræða fleiri en einn efnistökuastað, sem nái samtals yfir 50.000 m², sé um matsskylda framkvæmd að ræða samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að þrátt fyrir að samanlögð efnistaka vegna framkvæmdarinnar nái samanlagt yfir stærra svæði en 50.000 m² sé ekki um að ræða efnistöku sem sé ávallt matsskyld samkvæmt 1. viðauka laganna. Fjarlægð milli efnistökuastaða vegna ofangreindrar framkvæmdar er um 2 km og í þessu tilviki telur Skipulagsstofnun að ekki sé um að ræða efnistöku af sama svæði.

Í júlí 2000 ákvað Vegagerðin að afla frekari upplýsinga m.a. um efnistökusvæði áður en ákvörðun yrði tekin um matsskyldu framkvæmdarinnar. Framkvæmdaraðili hefur ráðist í

rannsóknir á mögulegum efnistökusvæðum, grunnvatnsflæði og menningarminjum með hliðsjón af ábendingum umsagnaraðila og Skipulagsstofnunar. Þá hefur framkvæmdaraðili hætt við efnistöku úr áreyrum Skíðadalsár sem fyrirhuguð var innan grannsvæðis vatnsbóls Dalvíkurbyggðar og gert betur grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum er lúta að mengunarhættu innan vatnsverndarsvæðisins. Ennfremur liggja fyrir nánari upplýsingar um leiðigarða og staðsetningu brúar yfir Skíðadalsá. Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fyrir liggja á grundvelli rannsókna og athuguna telur Skipulagsstofnun að efnistaka sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Vatnsból

Framkvæmdasvæðið er að hluta til innan og við grannsvæði vatnsbóls Dalvíkur. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ólíklegt sé að ný brú yfir Skíðadalsá og gerð vegfyllingar yfir áreyrnar hafi nokkur áhrif á grunnvatnsflæði á verndarsvæði vatnsbóls Dalvíkur, jafnvel þótt þrengt verði að ánni næst brúnni. Hins vegar geti vatnsbólínu stafað hætta af mengunarefnum vegna framkvæmdanna. Skipulagsstofnun telur í ljósi þessa að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð áhrif á vatnsból Dalvíkur enda verði staðið að framkvæmdum eins og fram kemur í umsögnum og framlögðum gögnum framkvæmdaraðila.

Efnistaka og lífríki

Fyrir liggur að farvegir Skíðadalsár og Svarfaðardalsár eru óstöðugir og síbreytilegir. Veiðimálastjóri telur nauðsynlegt að tekið verði efni úr bökkum en ekki úr árbotni utan veiðitíma, þess gætt að draga úr gruggmyndun, efnistöku verði dreift á tvö ár og gengið verði vel frá svæðinu þannig að ekki myndist gryfjur sem áin geti flætt um. Bent er á mikilvægi samráðs við sérfræðinga Veiðimálastofnunar. Þó að framkvæmdaraðili áætli að taka efni úr áreyrum utan núverandi farvega er sú hætta fyrir hendi að árnar geti flætt yfir námusvæði á áreyrum og breytt rennsli og framburðarmagn geti valdið landbroti og spillt lífríki ána. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að efnistöku verði dreift á tvö ár til þess að lágmarka þá áhættu. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdirnar séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð áhrif á lífríki ána enda verði staðið að efnistöku eins og fram kemur í umsögn veiðimálastjóra og framlögðum gögnum framkvæmdaraðila.

Menningarminjar

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að komið hafi í ljós við rannsóknir að fjórar fornleifar lendi í eða við vegstæðið. Þjóðminjasafn Íslands telur að kröfum minjavörslu sé fullnægt með fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum framkvæmdaraðila. Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif á menningarminjar enda verði staðið að mótvægisáðgerðum eins og lýst er í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila og fornleifar sem geti verið í hættu verði merktar.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Tunguvegar og Skíðadalsvegar frá Ytra-Hvarfi að Svarfaðardalsvegi og endurbygging Svarfaðardalsvegar frá Húsabakka að Tunguvegi í Dalvíkurbyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því

ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Dalvíkurbyggðar samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Ekkert skipulag er í gildi á framkvæmdarsvæðinu og þarf bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 3. t.l. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf einnig að liggja fyrir áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sækja þarf um starfsleyfi til heilbrigðisnefndar Norðurlands Eystra í samræmi við 2. gr. í fylgiskjali 2 með reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 10. september 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Dalvíkurbyggð, Heilbrigðieftirlit Norðurland eystra, Landgræðsla ríkisins, Náttúruvernd ríkisins, veiðimálastjóri og Þjóðminjasafn Íslands.